

# D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 28. mars 2018 í máli nr. E-1704/2017:

A

*(Þórður Heimir Sveinsson lögmaður)*

**gegn**

**íslenska ríkinu**

*(Ólafur Helgi Árnason lögmaður)*

## I

Mál þetta, sem dómtekið var 7. febrúar sl., er höfðað af A, [...], [...], gegn íslenska ríkinu en fyrir hönd þess er stefnt innanríkisráðherra, nú dómsmálaráðherra, og fjármála- og efnahagsráðherra, með stefnu birtri 24. maí 2017.

Stefnandi gerir eftirfarandi dómkröfur:

Að stefnda verði gert að greiða honum skaðabætur að álitum dómsins.

Að stefnda verði gert að greiða honum miskabætur að fjárhæð 76.800.000 krónur.

Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda samkvæmt málskostnaðarreikningi stefnanda auk virðisaukaskatts.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar að mati dómsins.

Til vara gerir stefndi þá kröfu að dómkröfur stefnanda verði stórkostlega lækkaðar og málskostnaður felldur niður.

Með úrskurði héraðsdóms frá 17. október 2017 var tveimur dómkröfum stefnanda vísað frá dómi, fyrstu og annarri dómkröfu samkvæmt stefnu.

## II

*Málsatvik og helstu ágreiningsefni*

Í máli þessu krefst stefnandi greiðslu miskabóta að álitum vegna tjóns sem hann rekur til árána 2006 til 2016 auk þess sem hann gerir kröfu um greiðslu miskabóta. Óumdeilt er að stefnandi er spilafíkill og hefur verið það um áratuga skeið. Hann byggir máltilbúnað sinn á því að hann hafi orðið fyrir tjóni sem rekja megi til þess að aðildarfélögum Íslandsspila sf. og Happraætti Háskóla Íslands hafi verið heimilað að reka spilakassa. Þá er einnig óumdeilt að stefnandi hafi leitað sér aðstoðar vegna spilafíknar, m.a. á kostnað rekstraraðila spilakassa sem stefnandi hefur stundað.

Stefnandi beinir stefnu sinni að íslenska ríkinu. Hann byggir á því að undir dómsmálaráðuneytið, áður innanríkisráðuneytið, heyri happdrættismál. Hafi ráðuneytið og forverar þess frá öndverðu gefið út leyfi fyrir rekstri söfnunarkassa til aðildarfélaga Íslandsspila sf., Rauða kross Íslands, Landsbjargar, S.Á.Á. og Slysavarnafélags Íslands, og veitt heimild til reksturs söfnunarkassa með lögum nr. 73/1994 um söfnunarkassa. Jafnframt hafi ráðuneytið gefið út og haldið uppi leyfum til reksturs peningahappdrættis Háskóla Íslands samkvæmt lögum nr. 13/1973 um Happdrætti Háskóla Íslands, með síðari breytingum, sem stefnandi byggir á að hafi verið sett að frumkvæði ráðuneytisins, auk reglugerða á grundvelli þeirra. Með lögum nr. 77/1994 hafi lögum nr. 13/1973 verið breytt á þann veg að í lögum hafi verið sett heimild til handa Háskóla Íslands til að reka sérstakar happdrættisvélur. Þá sé málinu beint að fjármálaráðherra á grundvelli þess að krafa sé gerð um skaða- og miskabætur úr ríkissjóði. Í stefnu er því lýst, og er óumdeilt, að stefnandi hafi jöfnum höndum nýtt spilakassa beggja framangreindra leyfishafa. Einnig vísar stefnandi til þess, og er það einnig óumdeilt í máli þessu, að spilakassa frá báðum aðilum megi iðulega finna á sömu stöðum, og fullyrðir stefnandi jafnframt að þeir hafi gagnkvæman hag hvor af annars starfsemi.

Í stefnu er gerð sérstök grein fyrir lögvörðum hagsmunum stefnanda af málinu. Vísar stefnandi þar einkum til þess að hagsmunir hans felist í því að hann hafi orðið spilafíkn að bráð vegna ólögmætrar innleiðingar á spilakassastarfsemi hér á landi á grundvelli framangreindrar lagasetningar og leyfa og sé spilafíkn viðurkenndur sjúkdómur. Þannig sé hann í dag alvarlega veikur spilafíkill og hafi verið háður þeirri fíkn um árabil með hinum alvarlegustu afleiðingum fyrir andlega og líkamlega heilsu og velferð, samfara stórfelldu fjárhagslegu tjóni. Sjúkdómur stefnanda hafi verið alls kostar fyrirsjáanlegur og raunar dæmigerð afleiðing þess að stofnað var til reksturs spilakassanna.

Máli milli sömu aðila var vísað frá dómi með dómi Hæstaréttar í máli nr. [...], sem kveðinn var upp [...]. Með dómnum var úrskurður héraðsdóms um frávísun málsins staðfestur. Í því máli setti stefnandi fram að mestu samhljóða kröfur og nú. Þar var þó leyfishöfum vegna spilakassa jafnframt stefnt, auk þess sem í þriðju dómkröfu var tilgreind ákveðin fjárhæð skaðabóta sem gerð var krafa um.

Kröfu um skaðabætur byggir stefnandi m.a. á almennum reglum skaðabótaréttarins og meginreglum íslenskra laga og kröfu um miskabætur byggir hann á b-lið 26. gr. skaðabotalaga nr. 50/1993. Telur stefnandi að tjón hans hafi verið fyrirsjáanleg eða sennileg afleiðing hins ólögmæta atferlis stefnda og hefur lagt fram reikningsyfirlit þar sem fram koma úttektarfjárhæðir, samtals 22.608.305 krónur, sem hann hafi tekið út af reikningi sínum og spilað fyrir. Eins og áður hefur

verið rakið var fyrstu og annarri dómkröfu stefnanda í máli þessu vísað frá dómi með úrskurði 13. október 2017. Stefnandi byggði á því að með þeim kröfum hafi hann leitast við að fá fram viðurkenningu á því að starfsemi spilakassanna væri ólögmat og taldi þannig að þær kröfur væru einnig málsástæður fyrir kröfum hans um skaðabætur að álitum dómsins.

Í stefnu kemur fram að vegna sömu atvika lagði stefnandi fram kæru hjá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu á hendur stefnda og fleirum vegna starfrækslu fjárhættuspila. Lögreglustjórinn vísaði málinu frá með vísan til 4. mgr. 52. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Í máli þessu liggur fyrir niðurstaða ríkissaksóknara frá 18. ágúst 2014 um kæru stefnanda vegna framangreindrar ákvörðunar lögreglustjóra sem staðfesti ákvörðun lögreglustjórans með þeim rökum að ákvæði 183. og 184. gr. laga nr. 19/1040 væru meginreglan en með lögum nr. 13/1973 og 73/1994 hefði löggjafinn ákveðið, með sérlögum, að veita tilteknum aðilum heimild til að standa straum af fjármögnun með þessum hætti. Með hliðsjón af því og þeirri meginreglu að sérlög gangi framur almennum lögum sé það mat ríkissaksóknara að ekki séu efni til að rannsaka sakarefnið frekar.

Til rökstuðnings kröfu sinni hefur stefnandi m.a. einnig lagt fram ýmis gögn um spilafíkn og spilakassa og samantekt B sálfræðings um viðtöl sem hann átti við stefnanda vegna spilafíknar.

Við aðalmeðferð málsins gaf stefnandi aðilaskýrslu.

### III

#### *Málsástæður og lagarök stefnanda*

Málatilbúnaður stefnanda byggist aðallega á því að stefnandi hafi um langt skeið verið haldinn spilafíkn sem hann leggur áherslu á að líta beri á sem alvarlegan geðsjúkdóm. Hafi tekið að bera á fíkn hans þegar um 17 ára aldur og hafi hún einkum beinst að spilakössum eða spilavélum sem reknar séu annars vegar af Íslandsspilum sf. og hins vegar af Happdrætti Háskólans á grundvelli leyfa eða heimilda dómsmálaráðuneytisins. Telur stefnandi að stefndi hafi brotið á sér með starfrækslu og rekstri spilakassa sem hafi leitt hann til fíknarinnar og valdið honum fjárhagslegu og ófjárhagslegu tjóni. Beint fjártjón stefnanda á árunum 2006 til 2016 sé 22.608.305 krónur. Stefnandi byggir kröfu sína um bætur fyrir fjárhagslegt tjón á almennum reglum skaðabótaréttarins, aðallega almennu skaðabótareglunni, og meginreglum íslenskra laga. Jafnframt byggir stefnandi á þeirri sjálfsögðu og viðurkenndu réttarreglu að sá sem stofnar til hættu eða áhættu fyrir aðra í þágu eigin hagsmuna eigi að öðru jöfnu að bera ábyrgð á því tjóni annarra sem af henni leiði, fjárhagslegu og eftir atvikum einnig ófjárhagslegu. Byggir stefnandi á því að regla þessi hafi áhrif á gildissvið almennu sakarreglunnar. Reglan liggir jafnframt til

grundvallar ábyrgðarreglum sem oft séu taldar viðtækari og jafnvel hlutlægar í eðli sínu og nefnir hann m.a. þá sakarlíkindareglu sem iðulega sé lögð til grundvallar í bótamálum. Þá byggir stefnandi á viðurkenndri réttarreglu þess efnis að það veiki bótaskyldu að öðru jöfnu þegar minni hagsmunum sé vísvitandi fórnað fyrir meiri, eins og auðsætt sé að gerst hafi gagnvart stefnanda með tilkomu spilakassanna. Þessi regla sé einnig tengd almennu sakarreglunni og varði skilyrðið um ólögmæti þess verknaðar sem um sé að ræða. Hér reyni á hagsmunamat en til bótaskyldu geti stofnast þó að verknaður sem tjóni olli hafi verið framinn í neyð og verði talinn lögmætur og refsilaus af þeim sökum. Telur stefnandi að á grundvelli þessa sjónarmiðs eigi hann rétt til bóta.

Stefnandi byggir á því að undir dómsmálaráðuneytið heyri happdrættismál og hafi ráðuneytið og forverar þess frá öndverðu gefið út og haldið uppi leyfum til reksturs söfnunarkassa til aðildarféлага Íslandsspila sf. og veitt heimild til reksturs söfnunarkassa samkvæmt lögum nr. 73/1994 um söfnunarkassa. Jafnframt hafi ráðuneytið gefið út og haldið uppi leyfum til reksturs peningahappdrættis Háskóla Íslands samkvæmt lögum nr. 13/1973 um Happadrætti Háskóla Íslands, með síðari breytingum, sem sett hafi verið að frumkvæði ráðuneytisins, auk reglugerða á grundvelli þeirra. Starfsemi þessara aðila hafi verið í skjóli íslenska ríkisins frá fyrstu tíð og hefði ekki getað þrífist nema hlutaðeigandi ráðuneyti kæmi þar að máli. Þá sé málinu beint að fjármálaráðherra á grundvelli þess að krafa sé gerð um skaða- og miskabætur úr ríkissjóði. Þá telur stefnandi að gríðarlegir hagsmunir séu í húfi fyrir stefnda íslenska ríkið með leyfisveitingum til framangreindra aðila þar sem það þurfi þá ekki að veita fé til þeirra að sama skapi. Telur stefnandi þannig að stefndi hafi af ásetningi eða í versta falli stórkostlegu gáleysi sett lög í andstöðu við hegningarlög og siðferðisvitund til að ná fram settum markmiðum á kostnað fólksins í landinu sem verði spilafíkninni að bráð. Stefnandi byggir á því að stefndi hafi með útgáfu leyfanna brotið gegn 183. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 um bann við fjárhættuspili, en það telur stefnandi rekstur spilakassanna vera, og hafnar því alfarið að lög þau sem gilda um starfsemina verði talin ganga framur almennum hegningarlögum. Jafnframt vísar stefnandi máli sínu til stuðnings til dóms Hæstaréttar í máli nr. 128/1948, frá 7. desember 1949.

Einnig byggir stefnandi á því að friðhelgi hans til líkama og sálar sé varin af stjórnarskrá og meginreglum laga, skráðum sem óskráðum, þannig að sú hætta sem stefndi hafi bakað honum vísvitandi með atferli sínu feli í sér brot gegn mannréttindum hans, sbr. 65. og 70. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands, sbr. lög nr. 33/1944.

Þá telur stefnandi að hafið sé yfir allan vafa að tjón hans, fjárhagslegt jafnt sem ófjárhagslegt, hafi verið fyrirsjáanlegt eða sennileg afleiðing hins ólögmæta

atferlis stefnda sem hafi mátt vera fullkunnugt um fjölda spilafikla vegna þessarar starfsemi og það tjón sem þeir yrðu fyrir af völdum hennar.

Hvað varðar upphæð fjárhagslegs tjóns, þá byggir stefnandi á framlögðu reikningsyfirliti þar sem fram komi fjárhæðir sem hann hafi tekið út og spilað fyrir, samtals 22.608.305 krónur og byggi hann kröfu sína á því. Hann hafi spilað jöfnum höndum í spilakössum Íslandsspila sf. og Happraættis Háskóla Íslands og ávallt farið tómhentur út úr spilasölum og beri fjárhagsstaða hans í dag þess merki. Byggir stefnandi á því að engu skipti þó að hann geti ekki í dag sýnt fram á í hvaða spilakassa hann spilaði þá daga sem úttektirnar fóru fram heldur sé það sú ólögmeta starfsemi sem stefndi lagði grunninn að sem beri að meta í þessu máli. Spilakassastarfsemi þessara tveggja aðila hafi um margt verið eins, starfsemin hafi farið fram á sömu spilastöðum og haft samverkandi áhrif. Tjón stefnanda varði stefnda óbeint þar sem hann hafi ekki séð um rekstur spilakassanna eða haft af henni tekjur og sé því farið fram á að dómari meti tjón stefnanda að þessu leyti að álitum, þ.e. án sönnunar á beinu fjártjóni sem stefndi hafi valdið honum með leyfum og lagasetningu sem hafi orðið til þess að spilakassarnir voru starfræktir. Þá er þess krafist að tekið verði mið af því reikningsyfirliti sem stefnandi hefur lagt fram.

Stefnandi byggir miskabótakröfu sína á b-lið 1. mgr. 26. gr. laga nr. 50/1993 þar sem stefndi beri ábyrgð á ólögmetri meingerð gegn frelsi, friði, æru og persónu stefnanda, m.a. fyrir allt það niðurbrot sem stefnandi hafi þurft að þola vegna spilakassastarfseminnar. Stefnandi sé alvarlega veikur spilafíkill sem heyi harða baráttu við fíknina. Hann sé fangi spilafíknar sinnar sem hamli frelsi hans til að lifa eðlilegu lífi og sé ærulaus þar sem niðurbrot persónu hans sé algert. Fjártjón hans hafi verið gífurlegt, hann upplifi mikla skömm vegna tapaðra fjármuna og fíknar, spilafíknin hafi haft mikil áhrif á hann og barn hans og átt þátt í skilnaði hans við sambýliskonu. Honum hafi aldrei tekist að hætta að spila þó hann hafi náð að minnka spilun um tíma. Hann hafi farið í meðferð og sýnt góðan ásetning til að hætta en það ekki tekist og telur hann að eina leiðin til að hætta sé að ógilt verði leyfi til spilakassastarfsemi og starfsemin verði lögð niður. Stefndi hafi auðgast á kostnað stefnanda og annarra fikla með ólögmetu atferli sínu og hafi það bitnað á lífsgæðum stefnanda, en vegna starfseminnar hafi stefndi sloppið við að leggja fé til aðildarfélaganna Íslandsspila sf. og Háskóla Íslands.

Hvað lagarök varðar vísar stefnandi til reglna skaðabótaréttarins um skaðaverk utan samninga, m.a. almennu skaðabótareglunnar, og reglna um neyðarrétt. Jafnframt er vísað til bótareglna um röskun á stöðu og högum (miskabætur), sbr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, 183. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, laga nr. 73/1994 um söfnunarkassa, laga nr. 13/1973 um

happdrætti Háskóla Íslands, með síðari breytingum, og um aðild til 1. mgr. 19. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð einkamála, til 2. mgr. 25. gr. sömu laga hvað varðar lögvarða hagsmuni stefnanda og hvað varðar kröfu málskostnað til 129. og 130. gr. sömu laga. Þá vísar stefnandi til 65. og 70. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands, sbr. lög nr. 33/1944, 8., sbr. 9. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

#### IV

##### *Málsástæður og lagarök stefnda*

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því að heimildir Happdrættis Háskóla Íslands og Íslandsspila sf. til starfrækslu spilavéla byggji á sérlögum. Löggjafinn hafi þannig með sérstakri lagasetningu ákveðið að veita tilteknum aðilum leyfi til að standa straum af fjármögnun ýmissa verkefna með rekstri happdrættisvéla og söfnunarkassa í þeim tilgangi að afla fjár til almannaheilla hér á landi. Gangi þau lög framur ákvæði 183. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 samkvæmt almennum lögskýringarsjónarmiðum um að sérlög gangi framur almennum lögum. Sá skilningur styðst einnig við það sem fram kemur í afstöðu ríkissaksóknara til kæru stefnanda vegna ákvörðunar lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu um að hætta rannsókn máls er varðaði kæru stefnanda á hendur íslenska ríkinu og Íslandsspila sf. vegna starfsemi fjárhættuspila.

Þá gerir stefndi athugasemd við það að stefnandi tilgreini innanríkisráðherra sem aðila dómsmálsins, en það embætti sé ekki til. Samkvæmt forsetaúrskurði nr. 16 frá 7. apríl 2017 fari Sigríður A. Andersen með stjórnarmálefni sem heyra undir dómsmálaráðuneytið og ber embættisheitið dómsmálaráðherra.

Stefndi vísar einnig til þess að stefnandi byggji kröfugerð sína um bætur vegna fjárhagslegs tjóns á almennum reglum skaðabótaréttarins og meginreglum íslenskra laga. Til að unnt sé að taka kröfu stefnanda til greina þurfi hann að sanna að hann hafi orðið fyrir tjóni, hver fjárhæð þess tjóns sé, að stefndi hafi valdið því tjóni með ólögumætu athæfi sínu sem sé í orsakasamhengi við tjónið, að tjónið hafi verið sennileg afleiðing af þeirri háttsemi og að stefndi hafi haft ásetning til að valda stefnanda tjóni eða a.m.k. valdið stefnanda tjóni af gáleysi.

Þá vísar stefndi til þess að stefnandi byggji aðallega á því að stefndi hafi brotið gegn 183. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með því að fara að lögum nr. 13/1973 um Happdrætti Háskóla Íslands og lögum nr. 73/1994 um söfnunarkassa og reglugerðum settum með stoð í þeim og á því að hann hafi orðið spilafíkill vegna þess að Íslandsspil sf., Háskóli Íslands og Happdrætti Háskóla Íslands hafi haldið uppi sinni meintu ólögumætu starfsemi og fengið til þess leyfi stefnda. Bendir stefndi á að samkvæmt niðurstöðu ríkissaksóknara sé ekki um ólögumæta starfsemi að ræða og byggir stefndi á því að núgildandi lög jafnt sem

eldri lög fari ekki í bága við 183. gr. laga nr. 19/1940.

Þá bendir stefndi á að stefnandi byggi á því að sá sem stofni til hættu eða áhættu fyrir aðra í þágu eigin hagsmuna eigi að öðru jöfnu að bera ábyrgð á því tjóni annarra sem af því leiði. Því hafni stefndi sem röngu og fullkomlega órökstuddu að stefndi hafi stofnað til hættu eða áhættu fyrir aðra í þágu eigin hagsmuna aðeins með því að fara að gildandi lögum á hverjum tíma. Þá hafni stefndi því að hér komi til skoðunar sakarlíkindaregla og bendir á að stefnandi hafi hvergi reynt að rökstyðja það. Þá fallist stefndi ekki á að minni hagsmunum hafi verið fórnað fyrir meiri, eins og stefnandi byggi á, en engin sönnun liggir fyrir um það. Einnig mótmæli stefndi því sem ósönnuðu að regla um bætur vegna verks sem unnið er í skjóli neyðarréttar eigi hér við eða að skilyrði slíkrar reglu séu uppfyllt í málinu eins og stefnandi haldi fram. Loks hafnar stefndi því að brotið hafi verið gegn 65. eða 70. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, sbr. lög nr. 33/1944.

Stefndi vísar til þess að stefnandi hafi til stuðnings fjárkröfum vegna fjárhagslegs tjóns lagt fram reikningsyfirlit og merkt þar við tilteknar færslur á árunum 2006 til 2016 og sé samtala þeirrar fjárhæðar 22.608.305 krónur. Hvergi komi fram í gögnum málsins að allar merktar úttektir hafi verið nýttar til þess að spila, burtséð frá því hvar þær eru teknar út, og engin gögn staðfesti það. Liggir því ekki fyrir sönnun um að þetta sé meint tjón. Þá sé í nokkrum tilvikum merkt við úttektir í hraðbönkum sem ekki eru í spilasölum. Stefndi telur að hann geti ekki verið skaðabótaskyldur vegna slíkra úttekta einstaklinga og með framlögðum gögnum sé ekki komin fram næg sönnun um tjón.

Þá bendir stefndi á að málátilbúnað stefnanda sé ekki hægt að skilja öðruvísi en svo að stefnandi telji að lagasetning á Alþingi sé hið ólögsmæta atferli stefnda. Mótmæli stefndi því að svo geti verið og bendir á að í 2. gr. stjórnarskrárinnar segi m.a. að Alþingi fari með löggjafarvaldið. Það að stefndi fari að lögum eins og þau eru á hverjum tíma geti aldrei verið ólögsmætt atferli í þeim skilningi að það falli undir almennu skaðabótaregluna.

Einnig mótmæli stefndi fullyrðingum stefnanda um að stefndi hafi sýnt ásetning eða í versta falli stórkostlegt gáleysi með útgáfu leyfa og með því að hafa átt frumkvæði að setningu laga um spilakassastarfsemi og þannig komist hjá því að leggja fé til þeirrar starfsemi sem aðildarfélag Íslandsspila sf. og Háskóli Íslands mundu annars kalla eftir. Þetta sé ósannað og órökstutt.

Þá hafnar stefndi því sem röngu og ósönnuðu að tjón stefnanda hafi verið fyrirsjáanlegt eða sennileg afleiðing af setningu laga sem stefnandi telur að hafi falið í sér ólögsmætt athæfi stefnda. Stefndi hafi ekki getað séð það fyrir að starfsemin sem leyfð var með lögunum hefði þær afleiðingar að stefnandi tæki þá ákvörðun að spila í spilakössum sjálfum sér til meints tjóns. Þá mótmæli stefndi því

sérstaklega að hið meinta tjón verði rakið til stefnda þar sem umræddar happadrættisvélar séu reknar af óskyldum aðilum án tengingar við stefnda. Einnig bendir stefndi á að ekki sé orsakasamband milli útgáfu leyfa og meints tjóns stefnanda.

Stefndi bendir á að fjárráða einstaklingur sem ákveður að taka þá áhættu að spila með fé sitt beri einn ábyrgð á því. Stefnanda hafi verið vel kunnugt um þá áhættu sem því fylgdi, en fullyrt er í stefnu að á sumum tímabilum hafi dregið úr spilafíkn hans. Að vita um þá áhættu en spila engu að síður skoðist sem samþykki stefnanda og leiði það þar með til brottfalls skaðabótaábyrgðar í samræmi við almennar reglur skaðabótaréttar. Í 3. mgr. 7. gr. lögræðis laga nr. 71/1997 er heimild fyrir einstaklinga til að óska sjálfir eftir því að vera sviptir fjárræði og hefði stefndi þannig væntanlega getað takmarkað eða komið í veg fyrir sitt meinta tjón með þeim hætti. Úrræðum lögræðis laga hafi ekki verið beitt gagnvart stefnanda og telur stefndi það benda til þess að aðrir hafi ekki talið ástæðu til slíkra viðbragða, þrátt yfir fullyrðingar stefnanda um slæma fíkn sína.

Stjórnvöld hafi uppfyllt þá skyldu sem löggjafinn lagði þeim á herðar og sé því hvorki ásetningur eða gáleysi til staðar sem orsaki skaðabótaskyldu stefnda. Stefndi mótmælti fullyrðingum stefnanda um að ásetningur stefnda hafi byggst á því að þurfa ekki að leggja fé til þeirrar starfsemi sem fjármögnuð var með starfsemi spilakassanna. Telur stefndi líklegt að stefndi hefði orðið skaðabótaskyldur gagnvart spilakassaeigendum og rekstraraðilum spilakassa hefði hann ekki farið að landslögum gagnvart þeim.

Þá telur stefndi að líta verði til laga nr. 150/2007 um fyrningu, en tjón sem til er komið eftir gildistöku þeirra laga fyrnist á fjórum árum, sbr. 1. mgr. 9. gr. laganna. Meint tjón stefnda fyrir gildistöku þeirra laga fyrnist á tíu árum, sbr. lög nr. 14/1905 um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda. Einnig verði að horfa til tómlætissjónarmiða enda sé krafa byggð upp með þeim hætti að tjónið stafi frá árinu 2006 til stefnubirtingar. Stefnandi hafi fyrst gert reka að máli sínu með fyrri málshöfðun og sé því um að ræða tómlæti og beri að sýkna stefnda vegna verulegs tómlætis.

Hvað varðar kröfu um greiðslu miskabóta sem byggir á b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, þá hafnar stefndi kröfunni og því að hann hafi gerst sekur um ólögmeita meingerð gegn frelsi, friði, æru eða persónu stefnanda. Þá sé ekki til staðar neinn ásetningur eða gáleysi. Stefndi hafi aðeins starfað samkvæmt lögum og innan lagaramma. Einnig skorti rökstuðning bæði fyrir kröfunni og fjárhæð hennar.

Loks vísar stefndi til þess að stefnandi beri sönnunarbyrði fyrir því að stefndi beri bótaskyldu gagnvart honum. Því til stuðnings hafi hann ekki lagt fram

nein gögn.

Stefndi byggir málskostnaðarkröfu sína einkum á 129. og 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

## V

### *Forsendur og niðurstaða*

Í máli þessu gerir stefnandi kröfu um að stefndi verði dæmdur til að greiða honum skaða- og miskabætur vegna tjóns sem hann telur sig hafa orðið fyrir vegna þess að stefndi veitti tilteknum aðilum heimild til reksturs spilakassa með lagasetningu. Stefndi krefst þess að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda þar sem stefnandi hafi ekki sýnt fram á að skilyrði bótaskyldu séu fyrir hendi. Af stefnda hálfu var einnig reifað í málflutningi að hann teldi að rök væru, með vísan til d-liðar 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, til að vísa kröfu stefnanda um bætur að álitum frá dómi, þar sem ekki væri gerð krafa um bætur að tiltekinni fjárhæð.

Stefnandi byggir máltilbúnað sinn aðallega á almennu skaðabótareglunni utan samninga, sakarlíkindareglu, reglu um neyðarrétt og 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Þannig byggir stefnandi aðallega á því að stefndi hafi valdið honum tjóni með saknæmum og ólögumætum hætti á grundvelli almennu sakarreglunnar og hafi af ásetningi eða í versta falli stórkostlegt gáleysi sett lög í andstöðu við almenn hegningarlög og siðferðisvitund. Stefndi hafi með framangreindum heimildum til reksturs spilakassa brotið gegn 183. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og að tjón stefnanda sé tilkomið vegna þess. Þá hafi stefnda verið ljóst að tjón mundi hljóttast af en hann hafi engu að síður heimilað starfsemina í ljósi þess að það mundi leiða til þess að stefndi þyrfti þá að veita minna fé til þeirra aðila sem fá ágóða af starfseminni.

Stefnandi krefst þess að stefndi verði dæmdur til að greiða honum skaðabætur að álitum dómsins. Til þess að bætur verði dæmdar að álitum þarf að sýna fram á að bótagrundvöllur sé fyrir hendi og að bótakrefjandi hafi orðið fyrir tjóni. Stefnandi ber sönnunarbyrði fyrir því að skilyrði bótaskyldu séu uppfyllt. Í fyrra dómsmáli aðila, sem vísað var frá Hæstarétti með dómi 4. janúar 2017 í máli nr. 812/2016, gerði stefnandi einnig skaðabótakröfu en tilgreindi þá fjárhæð skaðabóta, 22.608.305 krónur. Í máli þessu liggur fyrir reikningsyfirlit stefnanda vegna þess tímabils er ætlað tjón hans tekur til þar sem merkt hefur verið við tilteknar úttektir, og samantekt um ætlað tjón. Er samtala þessara úttekta sú sama og krafa stefnanda hljóðaði um í fyrra málinu. Stefnandi byggir á því að þessar úttektir hafi farið beint í spilakassana og hann hafi aldrei komið út í gróða eftir spilamennsku. Þá telur stefnandi að hann geti ekki lagt fram frekari gögn til

sönnunar á tjóni sínu. Að virtum öllum málgögnum er ekki hægt að ætlast til þess að stefnandi geti lagt fram nákvæmari gögn eða aflað frekari gagna, t.d. bendir ekkert til þess að með matsgerð yrði unnt að koma málinu í þann búning að komast mætti hjá því að dæma um kröfuna að álitum. Á stefnandi því rétt á að felldur verði efnisdómur um kröfuna, eins og hún er sett fram.

Stefnandi gerir kröfu um að fá bætt fjárhagstjón sitt vegna áranna 2006 til 2016. Byggir hann á því að stefndi hafi heimilað starfsemi spilakassa með lögum og telur hann að í báðum tilvikum hafi verið um ólögættar leyfisveitingar að ræða. Með lögum nr. 73/1994 var Íslenskum söfnunarkössunum, félagi í eigu nokkurra félagasamtaka heimilaður rekstur spilakassa en þau reka nú þessa starfsemi sína sem sameignarfélagið Íslandsspil, og með lögum nr. 13/1973, sbr. lög nr. 73/1994, var Háskóla Íslands heimilaður slíkur rekstur. Fyrir liggur því að á því tímabili sem stefnandi rekur tjón sitt til voru í gildi lög sem heimiluðu Íslandsspilum sf. og Háskóla Íslands að starfrækja spilakassana.

Kemur þá til skoðunar hvort setning laga sem heimiluðu starfrækslu spilakassanna taki efnislega til sömu tilvika og 183. gr. laga nr. 19/1940. Samkvæmt ákvæðinu skal sá sem gerir sér fjárhættuspil eða veðmál að atvinnu eða það að koma öðrum til þátttöku í þeim sæta sektum eða fangelsi allt að einu ári, ef miklar sakir eru. Í 2. gr. laga nr. 73/1994 segir að með söfnunarkössum sé átt við handvirka og/eða vélræna söfnunarkassa sem ekki séu samtengdir og í séu sett peningaframlög er jafnframt veiti þeim sem þau leggja fram möguleika á peningavinningi, allt að ákveðinni fjárhæð, og skuli úthlutun vinninga byggjast á tilviljun. Í 3. mgr. 1. gr. laga nr. 13/1973 er happdrætti Háskóla Íslands heimilað að nota sérstakar happdrættisvélar þannig að þátttaka, ákvörðun um vinning og greiðsla á honum fari fram vélrænt og samstundis og enn fremur að slíkar vélar séu samtengdar, bæði einstakar vélar og milli sölustaða. Samkvæmt framangreindum lögum skal ráðherra í báðum tilvikum setja nánari reglur um spilakassana, m.a. um tegundir og hafa slíkar reglur verið settar í báðum tilvikum. Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 128/1948 var byggt á því að vélar þar sem hending réði því hvort spilamaður hreppti vinning en leikni leikmannsins skipti ekki máli, féllu undir ákvæði 183. gr. Með hliðsjón af framangreindum lýsingum í lögum nr. 73/1994 og 13/1973 og þeim skilgreiningum sem koma fram í dómi Hæstaréttar, er fallist á það með stefnanda að í máli þessu að í lögunum sé lýst sambærilegum vélum og í dómnum voru taldar falla undir ákvæði 183. gr. laga nr. 19/1940.

Fyrir liggur niðurstaða ríkissaksóknara frá 18. ágúst 2014 um að vísa frá kæru stefnanda á hendur stefnda og fleirum, vegna þeirra atvika sem hér eru til umfjöllunar, fyrir brot gegn ákvæðinu, með vísan til 4. mgr. 52. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Samkvæmt því getur lögregla vísað frá kæru fyrir brot ef

ekki þykja efni til að hefja rannsókn út af henni. Stefnandi byggir grundvöll málssóknar sinnar engu að síður á því að með lagasetningunni hafi verið brotið gegn ákvæðinu og að stefndi beri ábyrgð á því setji Alþingi lög sem fari í andstöðu við önnur lög sem þá gilda. Ákvörðun ríkissaksóknara sem slík varðar meðferð valdheimilda og sætir því ekki endurskoðun dómstóla en takmarkar þó ekki möguleika stefnanda til að byggja á þessari málsástæðu. Fyrir liggur að starfsemi sú sem stefnandi telur að brjóti gegn ákvæðinu er byggð á lögum eins og rakið hefur verið. Lög nr. 13/1973, með síðari breytingum, og nr. 73/1994, eru sérlög andspænis almennum hegningarlögum sem teljast vera almenn lög gagnvart refsíákvæðum sérlaga, og eru einnig yngri en ákvæði 183. gr. laga nr. 19/1940. Ganga þau því framur almennum hegningarlögum. Með vísan til þess verður ekki fallist á það með stefnanda að stefndi hafi heimilað rekstur spilakassa í andstöðu við lög á því tímabili sem kröfur stefnanda taka til.

Þá byggir stefnandi á því að stefndi sé bótaskyldur á grundvelli sjónarmiða um að sá sem stofnar til hættu eða áhættu fyrir aðra í þágu eigin hagsmuna eigi að bera ábyrgð á tjóni sem af því leiði. Telur hann að regla þessi hafi áhrif á gildissvið almennu sakarreglunnar og sé víðtæk og jafnvel hlutlæg í eðli sínu líkt og sakarlíkindareglur. Hvað þetta varðar verður að telja ósannað að stefndi hafi með setningu laganna stofnað til fyrirséðrar hættu eða áhættu fyrir stefnda á þann hátt að til bótaskyldu geti stofnast. Þá telur dómurinn að stefnandi hafi ekki fært fram fullnægjandi rök því til stuðnings að draga beri úr kröfum á hendur stefnanda til sönnunar hvað þetta varðar.

Loks byggir stefnandi á neyðarréttarsjónarmiðum, að stefndi hafi fórnað hagsmunum stefnanda fyrir eigin hagsmuni sem hafi falist í því að leggja minna fé en ella til þeirrar starfsemi sem nýtur góðs af ágóða vegna spilakassanna. Byggir stefnandi á því að reglan sé tengd sakarreglunni að því er varði skilyrðið um ólögmati þess verknaðar sem um er að ræða. Til grundvallar slíkum neyðarréttarsjónarmiðum liggur ætíð að uppi séu eða yfirvofandi aðstæður sem valdi því að fram þarf að fara hagsmunamat sem byggt yrði á við úrlausn máls. Í þessu samhengi byggir stefnandi ólögmatið á því að lagaheimildir til reksturs spilakassanna séu í andstöðu við almenn hegningarlög. Þegar að þeirri ástæðu að heimild til reksturs spilakassanna byggir á lögum og að baki þeim liggur ákveðin fyrirfram ákveðin málsmeðferð verður ekki talið að stefndi hafi sýnt fram á að skilyrði neyðarréttar. Að framangreindu virtu verður niðurstaða málsins ekki byggð á þessari málsástæðu.

Með vísan til framangreinds verður ekki fallist á það með stefnanda að stefndi hafi með saknæmum og ólögmetum hætti valdið honum tjóni né heldur að skilyrði bótaskyldu séu fyrir hendi á öðrum grundvelli en almennu sakarreglunnar.

Verður stefndi því sýknaður af kröfu stefnanda um greiðslu skaðabóta að álitum.

Hvað varðar kröfu um að stefndi verði dæmdur til greiðslu miskabóta, þá byggir stefnandi þá kröfu sína á b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabotalaga nr. 50/1993. Samkvæmt ákvæðinu er heimilt að láta þann sem ábyrgð ber á ólögmætri meingerð gegn frelsi, friði, æru eða persónu annars manns greiða miskabætur til þess sem misgert var við. Stefnandi byggir bótaskyldu stefnda hvað varðar miskabótakröfu á sömu atriðum og skaðabótakröfu vegna ætlaðs tjóns. Þegar af þeirri ástæðu að stefnanda hefur ekki tekist að sýna fram á að stefndi hafi valdið honum tjóni með ólögmætri háttsemi eða háttsemi sem annars verði að telja að sé ólögmæt meingerð gegn stefnanda er stefndi einnig sýknaður af kröfu um greiðslu miskabóta.

Samkvæmt framangreindu er stefndi sýknaður af öllum kröfum stefnanda.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður milli aðila falli niður.

Af hálfu stefnanda flutti málið Þórður Heimir Sveinsson lögmaður og af hálfu stefnda flutti málið Ólafur Helgi Árnason lögmaður.

Uppkvaðning dómsins hefur dregist fram yfir frest samkvæmt 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991. Aðilar og dómari töldu að ekki væri þörf á endurflutningi málsins.

Dóm þennan kveður upp Sigríður Elsa Kjartansdóttir héraðsdómari.

### **D Ó M S O R Ð:**

Stefndi, íslenska ríkið, er sýkn af öllum kröfum stefnanda, A.

Málskostnaður fellur niður.

Sigríður Elsa Kjartansdóttir (sign.)